



Æskulýðsskýrsla Fáks - 2014

Inngangur

Veturinn 2013-2014 var viðburðaríkur hjá okkur í Fáki. Við vorum með þétta og skemmtilega dagskrá fyrir krakka á öllum aldri, allir gátu fundið eitthvað við hæfi sama hvort áhuginn liggur í keppni, námskeiðum, leik eða í almennum útreiðum.

Það er ekki hægt að vinna svona þétt og skemmtilegt starf nema að hafa frábært og duglegt fólk í Æskulýðsnefndinni.... eða eins og við höfum sagt áður þá getur félag aldrei verið sterkara og skemmtilegra heldur en fólkið sem í því er.

Æskulýðsnefnd Fáks 2013-2014:

Ásta Friðrika Björnsdóttir, formaður

Elínborg Sigurgeirsdóttir

Hilmar Guðmannsson

Ólafur Þ. Kristjánsson

Rakel Katrín Sigurhansdóttir

Rúnar Bragason

Unnur Gréta Ásgeirsdóttir

Þórunn Eggertsdóttir

Hugarflugsfundur

Þar sem hugarflugsfundurinn sem við héldum í fyrra tókst afar vel þá ákváðum við að halda aftur samskonar fund síðastliðið haust. Á hugarflugsfundinum ráða krakkarnir, þeir koma með hugmyndir og við förum í að útfæra þær. Við fengum margar, góðar hugmyndir frá krökkunum sem við höfðum til hliðsjónar þegar við skipulögðum dagskrá vetrarins. Við teljum að með því að leyfa þeim að hafa áhrif á vetrardagskrána þá stuðlum við að aukinni þátttöku og áhuga.

Hugarflugsfundurinn var haldinn í TM-Reiðhöllinni og var opinn öllum börnum, unglingum og forráðamönnum í félaginu. Fundurinn var fjölmennur og það er greinilegt að krakkarnir eru uppfyllir af

skemmtilegum hugmyndum sem við gerðum okkar besta til að framkvæma. Þær hugmyndir sem stóðu þó uppúr voru keppnir af hinu ýmsu tagi og á öllum gangi... það má með sanni segja að keppnisandinn sé sterkur í Víðidalnum ☺ Fákur bauð uppá pizzur og svo í lokin fengum við þá Fáksmenn sem kepptu fyrir Íslands hönd í ungmennaflokki á HM 2013 til þess að segja okkur aðeins frá mótinu. Konráð Valur, Gústaf Ásgeir og Arna Ýr sögðu okkur frá undirbúningnum, ferlinu þegar út var komið og skemmtilegar sögur af bæði sigrum og þeim sorgum sem fylgja því að skilja við keppnishestana að móti loknu.



Áhugasamir krakkar...

Uppskeruhátíð

Í byrjun desember var Uppskeruhátíð Æskulýðsnefndar Fáks haldin og ákváðum við að þessu sinni að breyta útaf hefðbundnu pizzuáti og hafa mexíkanska veislu í staðinn sem sló rækilega í gegn.

Jóhann Skúlason, margfaldur heimsmeistari, kom og hélt einlægan og skemmtilegan fyrirlestur um sig sem hestamann. Áhorfendur sátu hljóðir í rúman klukkutíma og hlustuðu með áhuga á Jóa segja frá því hvernig hans hestamennska byrjaði og hefur þróast í gegnum tíðina. Gaman var að heyra að hann var til að byrja með eins og allir hinir Fákskrakkarnir... hafði mest gaman af því að fara hratt ☺ Hvatti hann krakkana til þess að hafa fyrst og fremst gaman af hestamennskunni í bland við að setja sér raunhæf markmið þegar fram liðu stundir.



Þeir krakkar sem voru heiðraðir ásamt Jóa Skúla og Hirti formanni

Eftirtaldir knapar voru heiðraðir fyrir góðan keppnisárangur árið 2013: Arnar Máni Sigurjónsson, Arnór Dan Kristinsson, Ásta Margrét Jónsdóttir, Bára Steinsdóttir, Gústaf Ásgeir Hinriksson, Hákon Dan Ólafsson, Maríanna Sól Hauksdóttir, Snorri Egholm Þórsson og Ylfa Guðrún Svafarsdóttir. Einnig voru veitt framfaraverðlaun og ástundunarverðlaun, en þau hlutu: Aron Freyr Petersen, Benjamín Sandur Ingólfsson, Dagur Ingi Axelsson, Hulda Katrín Eiríksdóttir, Kolbrá Jóhanna Magnadóttir og Sölvi Karl Einarsson.

„Gistináttarparty“

Reynslunni ríkari lögðum við af stað í „sleep over“ annað árið í röð. Að þessu sinni tókum við yfir Félagsheimilið og þegar fjörið færðist í leikinn minntum við hvort annað á það í nefndinni að partyið tæki enda... að öllu gamni slepptu þá lukkaðist þetta mjög vel. Krakkarnir spiluðu mikið, fóru í stoppdans, borðuðu pizzur (en ekki hvað?), horfðu á mynd og margt fleira skemmtilegt. Það má svo sannarlega segja að þetta sé leið til þess að þjappa hópnum saman og búa til sterkari liðsheild meðal krakkana. Teljum við þetta frábæra leið að starta vetrarstarfinu.

Yngstu hestaáhugamennirnir

Haldnir voru nokkrir hittingar fyrir yngstu hestaáhugamennina (frá 2 ára til 10 ára). Þá voru þeir boðaðir sérstaklega, farið í leiki, litaðar hestamyndir, poppað og horft á hestamynd, spilað og haft gaman saman. Síðan var farið í hesthúsin og heimsóttir skemmtilegir hestamenn. Einnig var á öllum mótum boðið upp á pollaflokk, bæði þar sem þeir voru teymdir og einnig ef þeir treystu sér til að koma ríðandi. Oft voru þeir í grímubúningum og höfðu gaman af að koma fram og taka þátt í gleðinni með okkur.



Lítill prúðbúin prinsessa

Reiðtúrar

Stefnt var að því að hafa tvo sameiginlega reiðtúra í mánuði með krökkunum eftir því sem aðstæður leyfðu. En þeir féllu því miður niður í byrjun vetrar vegna klaka og lélegrar færðar. Þegar leið á veturinn og færðin lagaðist þá náðum við nokkrum, villtum og skemmtilegum reiðtúrum saman.

Þessir reiðtúrar eru alltaf jafn vinsælir og sérstaklega var gaman að sjá að krakkarnir láta veðrið ekki stöðva sig. Oftar en ekki hópuðu þau sig saman eftir útreiðartúrana og fengu sér hressingu á einhverri kaffistofunni. Í öllum sameiginlegum útreiðartúrum fóru nokkrir fulltrúar Æskulýðsnefndar með.



Hluti af krökkunum tilbúin í reiðtúr

Riddaranámskeið

Það má með sanni segja að í fyrra hafi verið kveiktir eldar í villingunum í Víðidalnum með Riddaranámskeiðinu sem sló rækilega í gegn og komust færri að en vildu. Við ákváðum því að Riddaranámskeið yrði eitt af fyrstu námskeiðunum sem boðið yrði uppá í vetur. Lögð var áhersla á að hafa gaman á hestbaki, en á sama tíma að læra að nota léttar ábendingar og skilja hestinn okkar betur í gegnum leik og fjör. Á námskeiðinu var meðal annars farið í hindrunarstökk, skrautreið, hestafótbolta og þrautabraut þannig að allir gátu fundið eitthvað við sitt hæfi og haft gaman af. Kennari var Karen Emilia Barrysdóttir Woodrow.

Barnareiðnámskeið

Almenn polla- og barnareiðnámskeið hófust í febrúar í TM-Reiðhöllinni en kennarar voru þær Anna Lauga og Thelma Ben. Námskeiðin urðu tvö og stóðu í mest allan vetur. Það mættu rúmlega 50 krakkar á þessi námskeið og flestir á þau bæði. Námskeiðið tókst rosalega vel og var gaman að sjá yngstu knapana okkar vaxa með hverjum tímanum. Framtíðin er svo sannarlega björt hjá Fák!

Sýnikennslur

Sú nýbreytni var í vetur að Æskulýðsnefndin í samstarfi við Fák bauð börnum, unglingum og forráðamönnum upp á fjölbreyttar sýnikennslur í TM-Reiðhöllinni, öllum að kostnaðarlausu. Sýnikennslurnar voru meðal annars í grunnangategundum, fimi og þjálfun reið- og keppnishesta, og voru það þau Anna Valdimarsdóttir, Henna Sirén, Kári Steinsson og Ragnar Tómasson sem sýndu og kenndu í leiðinni. Stuttu eftir sýnikennsluna í fimi buðum við upp á æfingu í TM-Reiðhöllinni þar sem krakkarnir gátu æft fimi undir leiðsögn kennara og Sigurðar Ævarssonar dómara.

Eftir hverja sýnikennslu borðuðum við léttan hádegisverð og fórum í sameiginlegan útreiðartúr... það er að segja þegar veðrið hagaði sér ☺




Selma María í kröppum dansi í smala

Mótaröð

Mótaröð Fáks var haldin nú í vetur með sama sniði og í fyrra. Tveir flokkar voru í boði fyrir ungu kynslóðina, 16 ára og yngri minna vanir og 16 ára og eldri meira vanir. Keppnisgreinar voru: tvígangur, þrígangur, smali og tölt. Þessi mót eru létt og skemmtileg, ganga hratt fyrir sig og taka margir þarna sín fyrstu kref í keppni. Sérstaklega var gaman að sjá þau taka þátt í smalanum því einbeitingin skein úr hverju andliti.

Bingó!!

Bingóið var á sínum stað en það er fyrir löngu orðið að árlegri og ómissandi fjölskylduskemmtun sem enginn lætur fram hjá sér fara. Vöflur, kaffi og kakó var selt á góðu verði til styrktar æskunni. Við fengum fjölmarga glæsilega vinninga að gjöf frá okkar dyggu og tryggu styrktaraðilum... og erum við þakklát fyrir ómetanlegan stuðning. Þátttakan var frábær og stemningin góð eins og alltaf.



Ekkert vantar upp á keppnisskapið hjá Hákonni

Grímutölt, vetrarleikar, Firmakeppni og Almennadalsmót

Grímutölt Fáks var haldið í TM-Reiðhöllinni en það var boðið upp á bæði fullorðins sem og yngri flokka. Gaman var að sjá hversu mikið knaparnir lögðu upp úr búningum.

Tvennir vetrarleikar voru haldnir í vetur hjá Fák. Fyrri vetrarleikarnir voru haldnir á ís þar sem að nánast ekkert annað var í boði fyrir part vetrar heldur en klaki og aftur klaki.

Firmakeppnin var á sínum stað Sumardaginn fyrsta og þá var einnig opinn dagur í Fák þar sem að Fáksmenn opnuðu hesthús sitt fyrir gestum og gangandi og var börnum meðal annars boðið á hestbak. Grillað var í TM-Reiðhöllinni og þar voru einnig hoppukastalar fyrir börnin.



Krakkarnir lögðu sig fram við að vera í flottum búningum

Almennadalsmótið var haldið í fjórða sinn og tókst það mjög vel, krakkarnir fóru ríðandi á svæðið og tóku þátt í léttu móti og svo sporðrennu þau nokkrum grillaðum pylsum og meðlæti áður en lagt var af stað ríðandi heim.

„Alla leið í braut“

Í vetur lögðum við upp með stórt og viðamiklegt keppnisnámskeið hugsað fyrir börn, unglinga og ungmenntu sem stefndu fyrst í Landsmótsúrtöku og síðar alla leið á Landsmót.

Fyrirkomulagið var þannig að í byrjun apríl var stöðumat þar sem reiðkennarar tóku út knapa og hesta og lagt var mat á styrkleika, veikleika og hvað hægt var að laga fram að úrtöku. Tímarnir voru eingöngu einkatímar og var knöpum fylgt vel eftir fram að keppni. Reiðkennararnir sem komu að verkefninu voru þau Anna Valdimarsdóttir, Friðfinnur Hilmarsson, Hrefna María Ómarsdóttir og Henna Sirén.

Eftir Landsmótsúrtökuna var áframhaldandi námskeið þar sem þeim knöpum sem komnir voru með rétt til að keppa á Landsmóti var boðið að vera með. Knöpunum var fylgt vel eftir við æfingar og einnig þegar á Landsmót var komið en þar voru skipulagar æfingar með þjálfurunum. Þjálfararnir fylgdu keppendunum alla leið í braut, tóku á móti þeim eftir keppni og unnu með þá reynslu sem þar fékkst. Það er sennilega bæði gott fyrir börnin og foreldrana að fagaðili fylgi börnunum alla leið og mikilvægt að hann taki á móti þeim eftir keppnina, fari yfir markmið og fagni því sem vel gekk. Reiðkennararnir voru þeir sömu nema að Hrefna María var ekki með eftir Landsmótsúrtöku.

Líflandsmót

Í lok apríl héldum við Líflandsmótið okkar vinsæla í TM-Reiðhöllinni en það er eitt af okkar stærstu viðburðum. Að þessu sinni létum við drauminn rætast og höfðum það í tvo daga þar sem að öll forkeppni var riðin á laugardeginum og pollar og úrslit á sunnudeginum. Einnig buðum við upp á tvær nýjar keppnisgreinar; fimi og slaktaumatölt. Lífland er sterkur bakhjarl mótsins og gaf öll verðlaun. Einn heppinn keppandi var dreginn út og hlaut þátttökuverðlaun sem að þessu sinni var ekki hnakkur heldur glæsilegt beislissett. Þökkum við Líflandi fyrir nú sem áður fyrr.



Þeir bræður Sveinn Sölvi og Aron Freyr Petersen í harðri keppni

Við leggjum mikinn metnað í mótið okkar og sjáum til þess að öll umgjörð sé glæsileg. Við bjóðum meðal annars upp á fimm dómara, höldum skráningargjöldum í lágmarki, sjáum um að reka sjoppu í anddyrinu og skreytum salinn fallega með blómum og dúkuðum borðum. Meistaradeildin lánaði okkur borð, stóla, dúka, blóm og allt skreytingarefni til þess að gera salinn sem glæsilegastan. Erum við Meistaradeildinni afar þakklát fyrir það.

Æskulýðsnefnd Fáks er stolt af því að halda þetta stórglæsilega mót og til gamans má geta að þetta var 18. árið í röð.

Hestadagar

Hestadagar í Reykjavík voru haldnir í þriðja sinn dagana 3. -6. apríl. Þétt og mikil dagskrá var af því tilefni um alla borg en hápunktur Hestadaga var sýningin, Æskan og Hesturinn, sem haldin var á sunnudeginum. Tvær sýningar voru í boði og voru þær vel sóttar. Fáksskrakkar voru í fjölmörgum atriðum og stóðu sig mjög vel en þau voru búin að æfa góð atriði um veturinn undir handleiðslu reiðkennara. Á þessari sýningu er gleðin og samskiptin við hestana í hávegum höfð enda er þetta góð kynning á hestinum fyrir alla, líka þá sem stunda ekki hestamennsku.



Fáksskrakkar í "Löggú og bófa"

Reykjavíkurstarvameistaramót

Hið sívinsæla Reykjavíkurstarvameistaramót Fáks fór fram með hefðbundnu sniði í byrjun maí. Mótið var mjög stór en rúmlega 500 keppendur öttu kappi á þessum sex dögum sem mótið stóð. Gaman að sjá hvað yngri flokkarnir eru orðnir stórir, og hvað flottu, ungu knöpunum okkar hefur farið mikið fram. Hver stórsýningin var á fætur annarri og greinilegt að fagmennskan og metnaðurinn er ekki minni hjá yngri knöpunum heldur en þeim fullorðnu. Fákshósti Arnar Máni Sigurjónsson hlaut FT-fjöðrina sem er veitt fyrir þróðmannlega reiðmennsku og gott samspil á milli manns og hests. Dómarar völdu að verðlauna Arnar Mána fyrir stórglæsilega sýningu í forkeppni í fimmgangi unglingaflokks á hestinum Funa frá Hóli. Þess ber að geta að Arnar Máni er enn í barnaflokki og keppti því upp fyrir sig.



Arnar Máni Sigurjónsson og Funi frá Hóli

Undirbúningur fyrir Landsmót

Eftir Landsmótsúrtöku héldum við „pepp-up“ fund í Guðmundarstofu þar sem við buðum öllum knöpum í yngri flokkum sem komnir voru með farmiða á Landsmót. Krónan bauð okkur upp á hamborgaraveislu og við fórum yfir ýmis praktísk atriði. Þeir feðgar, Hinrik Bragason og Gústaf Ásgeir, komu til okkar og sögðu frá Landsmótsferlinu... allt frá undirbúningi strax í byrjun vetrar og þar til á Landsmót var komið.

Landsmót á Hellu

Fákur sendi sterkt lið á Landsmótið í sumar eins og undanfarin Landsmót, en við máttum senda allt að 13 knapa í hverjum flokki í Gæðingakeppninni. Yngri knaparnir stóðu sig eins og hetjur og gaman að fylgjast með því þegar margir náðu markmiðum sínum og unnu persónulega sigra. Æskulýðsstarfið í vetur skilaði sínu, þjappaði saman krökkunum og bjó til skemmtilegan liðsanda. Rétt fyrir Landsmótið seldi Fákur bláa jakka og voru Fákshóstarar auðþekkjanlegir á mótsvæðinu... víða mátti sjá „bláa strumpa“ flykkjast um í hópum ☺

Á Landsmótinu sjálfu var Fákur með stórt samkomutjald á tjaldsvæðinu ásamt nágretta hestamannafélögunum. Í byrjun móts héldum við sameiginlegt grill ásamt Herði, ætlunin var að hittast oftar í tjaldinu en stuttu eftir grillveisluna fæk tjaldið og ekkert varð af fleiri sameiginlegum grillveislum. Fákshóstarar dóu þó ekki ráðalausir, bjuggu til dýrindis súpu í takt við veðrið og fengum við anddyri Reiðhallarinnar lánað til að borða saman.

Hér er stiklað á stóru varðandi úrslit en þeir sem komust upp úr milliriðlum í yngri flokkum eru eftirfarandi:

Gústaf Ásgeir Hinriksson kom, sá og sigraði í ungmennaflokknum. Hann stóð efstur eftir forkeppni, hélt efsta sætinu eftir milliriðla og sigraði svo A-úrslitin eftir harða keppni.

Eftir milliriðla í unglingaflokki komst Arnór Dan Kristinsson í A-úrslit en þær Heiða Rún Sigurjónsdóttir, Ylfa Guðrún Svafarsdóttir og Ásta Margrét Jónsdóttir unnu sér rétt til að keppa í B-úrslitum. Ylfa Guðrún sigraði B-úrslitin og vann sig upp í 4. sætið í A-úrslitunum, Arnór Dan endaði í 8. sæti.



Fáks „strumpar“ að bíða eftir niðurstöðum liðsfélaga á Landsmótinu

Í barnaflokki komst Sveinn Sölvi Petersen í B-úrslit og þau Hákon Dan Ólafsson, Arnar Máni Sigurjónsson og Selma María Jónsdóttir í A-úrslit. Hákon Dan hlaut 7. sætið, Selma María 6. sætið og Arnar Máni 4. sætið.

Youth Cup

Youth Cup var haldið á Hólum í Hjaltadal í sumar. Fákur átti þar tvo fulltrúa sem stóðu sig frábærlega vel en það eru þær Ásta Margrét Jónsdóttir og Ylfa Guðrún Svafarsdóttir. Þær stöllu eru heldur betur reynslunni ríkari eftir dvölinna á Hólum og voru þær félaginu sínu til sóma bæði í leik og starfi. Til að gera langa sögu stutta... þá sigraði Ylfa Guðrún tölt T7 og lenti í 2. sæti í fjórgang. Ásta Margrét lenti í 2. sæti í tölti T3 og 6. sæti í fjórgang. Til gamans má geta að Ylfa Guðrún er fyrsti Íslendingurinn til þess að vinna tölt T7 á Youth Cup.



Ylfa Guðrún með verðlaunin á Youth Cup

Íslandsmót

Í lok júlí héldum við Fákisarar afar glæsilegt Íslandsmót. Undanfarin ár hafa Íslandsmót yngri flokka og Íslandsmót fullorðinna verið sitthvort mótið, haldið af sitthvorum félaginu og á sitthvorum tímanum en í ár var ákveðið að steypa þessum mótum saman í eitt stórt, sameiginlegt Íslandsmót. Svæðið okkar nýttist mjög vel, forkeppni var riðin á báðum völlum en öll úrslit fóru fram á Hvammsvelli. TM-Reiðhöllin var undirlögð börnum á öllum aldri, Skemmtigarðurinn sá um afþreyingu þar og við getum fullýrt að engum hafi leiðst á þessu Íslandsmóti. Æskulýðsnefndin stóð sig vel og vann baki brotnu við undirbúning og framkvæmd mótsins. Þegar svona stórviðburðir eru þá þarf einnig að virkja krakkana í starf og lögðu þau mörg hver drjúga hjálparhönd við framkvæmd mótsins s.s. rita hjá dómurum, verðlaunaaafhendingu, hliðvörslu, gæslu, ruslatínslu, myndatöku ofl. Almenn ánægja var með mótið. Hér má sjá lista yfir þá Fáksskrakka sem komust í A-úrslit:

Ungmennaflokkur:

Gústaf Ásgeir Hinriksson 3. sæti í tölti
Gústaf Ásgeir Hinriksson Íslandsmeistari í fimmgangi
Ragnar Bragi Sveinsson 2. sæti í tölti
Halldóra Baldvinsdóttir Íslandsmeistari í fjórgangi
Gústaf Ásgeir Hinriksson 2. sæti í fjórgangi
Gústaf Ásgeir Hinriksson Íslandsmeistari í slaktaumatölti
Nína María Hauksdóttir 4. sæti í slaktaumatölti
Gústaf Ásgeir Hinriksson Íslandsmeistari í 100 metra skeiði
Gústaf Ásgeir Hinriksson Íslandsmeistari í gæðingaskeiði
Gústaf Ásgeir Hinriksson Íslandsmeistari í fjórgangsgreinum

Unglingaflokkur:

Ásta Margrét Jónsdóttir 2.-3. sæti í tölti
Arnar Máni Sigurjónsson (barn) Íslandsmeistari í fimmgangi
Arnór Dan Kristinsson 2. sæti í fjórgangi
Ylfa Guðrún Svafarsdóttir 5. sæti í fjórgangi
Arnór Dan Kristinsson Íslandsmeistari í slaktaumatölti
Arnar Máni Sigurjónsson (barn) 3. sæti í slaktaumatölti
Birta Ingadóttir 4. sæti í slaktaumatölti
Ásta Margrét Jónsdóttir 5. sæti í slaktaumatölti
Arnór Dan Kristinsson 4. sæti í 100 metra skeiði
Ásta Margrét Jónsdóttir 3. sæti í fimi
Ylfa Guðrún Svafarsdóttir 5. sæti í fimi
Arnór Dan Kristinsson Íslandsmeistari – stigahæstur í unglingaflokki

Barnaflokkur:

Arnar Máni Sigurjónsson 3. sæti í tölti
Jóhanna Guðmundsdóttir 6. sæti í tölti
Arnar Máni Sigurjónsson 3. sæti í fjórgangi
Hákon Dan Ólafsson 5. sæti í fjórgangi
Maríanna Sól Hauksdóttir 6. sæti í fjórgangi
Arnar Máni Sigurjónsson 3. sæti í fimi
Maríanna Sól Hauksdóttir 4. sæti í fimi



Matthías og Lilja Rún voru stórglæsileg í verðlaunaafhendingunni

NM 2014

Við Fáksmenn áttum eitt ungmenni í Landsliði Íslands á Norðurlandamótinu í Herning í sumar en það var hún Nína María Hauksdóttir. Hún lenti því miður í óhappi á fyrstu æfingunni, hesturinn meiddist og því fór sem fór.

Hestaklúbbur Fáks

Í haust var stofnaður Hestaklúbbur í Faki sem gerir börnum og unglingum kleyft að stunda hestamennsku árið um kring og er aldurshópurinn 10 – 16 ára. Alls eru 17 börn og unglingar í klúbbnum. Tímar eru þrisvar sinnum í viku og eru þau með hestana og sækja reiðtíma í 7 vikur í haust. Eftir að þau gefa hestunum frí þá verða einnig tímar 3 sinnum í viku og m.a. verða



sætisæfingar og fyrirlestrar hjá ýmsum reiðkennurum, hittingar, ferðir á hrossaræktarbú ofl. Síðan heldur hópurinn áfram eftir áramót og þá eru hestarnir teknir aftur inn. Í haust voru þau með alla hestana í hesthúsi Fáks þar sem þau m.a. sáu um hirðingu á þeim. Það hefur skapast mjög góð stemmning í hópnum og gaman að sjá mörg ný andlit. Þær Sif Jónsdóttir og Karen Emilia Barrysdóttir Woodrow reiðkennarar halda mjög vel utan um hópinn og við erum viss um að þetta á eftir að vefja upp á sig í framtíðinni.

Hestamennska sem valgrein

Foldaskóli og Æskulýðsnefnd Fáks hafa boðið upp á knapamerkjánámskeið í haust. Nemendum gefst þá kostur á að taka Knapamerki 1 sem valgrein á unglingastigi og stunda sína hestamennsku með skólanum. Prettán níundu bekkingar völdu hestamennsku sem valgrein og stunda þeir hana verklega af kappi í september og október og svo tekur bóklegt við fram að áramótum.

Að lokum

Við sem störfum í Æskulýðsnefnd Fáks viljum þakka öllum þeim sem styrktu okkur á einn eða annan hátt, lögðu til vinnuframlag aðstoð eða gjafir. Öll þessi góða hjálp auðveldaði okkur að verða við óskum krakkanna um fróðlegt, líflegt og umfram allt frábærlega skemmtilegt vetrarstarf. Án ykkar væri þetta ekki hægt!

Kær kveðja,
F.h. Æskulýðsnefndar Fáks

Ásta Friðrika Björnsdóttir